

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, 186 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að 24. sept. máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. september 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

187

25. sept.

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir samkvæmt 36. og 37. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts 1943:

Í Reykjavík.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera til 10. október þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 25. september 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóhönnu Einars- 188 dóttur í Ási“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. sept. 27. september 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Einarsdóttur í Ási.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhönnu Einarsdóttur í Ási, og má aldrei breyta nafninu. Hann er stofnaður á áttugasta fæðingardeggi manns hennar, Guðmundar Ólafssonar frá Ási, 10. júlí 1943, af Guðmundi, börnum hans og fósturbörnum, með fjárframlagi þeirra, að upphæð kr. 2000.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja konur, ógiftar sem giftar, fullra 16 ára að aldri, til þess að nema húsmæðrafærðslu. Skulu styrkþegar vera búsettir innan Rípurhrepps, og afkomendur Jóhönnu jafnan sitja fyrir styrk úr sjóðnum að öðru jöfnu.

188

27. sept.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Sauðárkróks, eða á öðrum jafntryggum stað, eftir því sem arðvænlegt þykir.

Þegar árlegir vextir sjóðsins, sem ávallt skal leggja við höfuðstólinn, eru orðnir 200 kr. að upphæð, má úthluta $\frac{3}{4}$ hlutum þeirra samkvæmt ofangreindum tilgangi sjóðsins, en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna skal jafnan lagður við höfuðstólinn í lok hvers reikningsárs.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Hreppstjórinn í Rípurhreppi, sem er formaður sjóðsins, oddviti hreppnefndar Rípurhrepps og sóknarpresturinn í Rípursókn.

5. gr.

Sjóðstjórnin ræður styrkveitingum úr sjóðnum þegar til kemur, samkvæmt skipulagsskrá þessari. Þegar úthluta ber styrk úr sjóðnum skal formaður sjóðstjórnar auglýsa um það á þingstað hreppsins, með hæfilegum fyrirvara, umsækjendum til leiðbeiningar.

Sjóðstjórninni ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, nöfn umsækjenda um styrk og annað það, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að bóka þar um eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa inn ársreikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjá sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu, er annast árlega endurskoðun á reikningum sjóðsins, sem jafnan skulu lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar, sem úrskurðar þá og sér um að úrskurði hennar sé framfylgt.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og óskast hún birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Sauðárkróki, 1. sept. 1943.

Guðmundur Ólafsson.

189

28. sept.

REGLUGERÐ

um holræsi á Seyðisfirði.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða um opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur, eða veganefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra verkstjóra bæjarins eða þeim, sem veganefnd felur umsjón með lagningu holræsanna í bænum, frá því, og fá samþykki þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípnna, brunna, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skólplögninni innan og utan húss tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og